

**Nd.**

**500. Frumvarp til laga**

[255. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Albert Guðmundsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

**1. gr.**

3. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalítlum elli- og örorku-lífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga segir að sveitarstjórnnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalítlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Komið hefur í ljós, að margt af því fólki, sem rétt hefur til að njóta góðs af heimildarákvæði þessu, gerir sér ekki grein fyrir þessum rétti sínum og sækir ekki um niðurfellingu eða lækkun á fasteignasköttum sínum.

Þá hefur einnig komið í ljós, að réttahafar treysta sér oft ekki til að standa í slíkum bréfaskriftum við opinberar stofnanir.

Rétt og skylt er að geta þess, að f'est sveitarfélög sýna lipurð og tillíssemi í þessum efnun. En þar sem í hlut á efnalítið fólk, sem verður að lifa á elli- og örorkulífeyri og hefur ekki gjaldþol til greiðslu slíkra fasteignaskatta, þykir f'utningsmönnum eðlilegt að breyta þessari heimild sveitarstjórna í skyldu.